

Mál nr. 444/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. nóvember 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 16. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. mars 2026.
4. Viðbótargagn, dags. 19. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi þann 10. júní 2024 þegar hann var að losa vörur úr gámi í starfi sínu hjá X. Þegar hann hafi losað strappa af bretti hafi farmurinn farið af stað og lent ofan á M. Í framhaldinu hafi M gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V. Með bréfi, dags. 21. ágúst 2025, hafi V hafnað því að bótaskylda væri til staðar úr ábyrgðartryggingu X. Slysið yrði rakið til þess að M hafi ekki fylgt skráðu verklagi við affermingu gámsins. Ósannað væri að slys M yrði rakið til saknæms vanbúnaðar, saknæmrar vanrækslu eða annarra atvika eða aðstæðna sem X yrði látið bera skaðabótaábyrgð á. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á því að skaðabótaábyrgð X sé ótvíræð í málinu og að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V. X hafi ekki verið með í gildi fullnægjandi áhættumat fyrir umræddan verkþátt og að auki hafi verklagsreglum fyrir verkið verið verulega ábótavant. M fellst ekki á að það leysi X undan skaðabótaábyrgð að það hafi ekki annast lestun farmsins. Þrátt fyrir að vera megi að farmurinn hafi verið lestaður með ófullnægjandi hætti sé það á ábyrgð X að tryggja að starfsfólki sé kennt að losa vörur úr slíkum gámum með öruggum hætti og að í gildi sé áhættumat fyrir þann verkþátt. Það gefi auga leið að ávallt sé til staðar hætta á að framur hafi færst til í flutningum eða að lestun hafi verið með þeim hætti að það skapi hættu fyrir starfsmenn sem sjái um affermingu. Í gámnum hafi verið þungt og hættulegt landbúnaðartæki og því hafi skyldur X til að viðhafa fullnægjandi öryggisráðstafanir í umrætt sinn verið sérstaklega ríkar, sbr. 65. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í skýrslu Vinnueftirlits, dags. 11. júní 2024, komi fram að til staðar hafi verið áhættumat en ekki liggi fyrir að það hafi verið fullnægjandi og lagt fyrir X að endurskoða áhættumatið vegna slyssins. Þá er vísað til 13., 37. og 42. gr. sömu laga. Mikil hætta hafi skapast af því verklagi sem var viðhaft og telur M að skýrar verklagsreglur um það hvernig eigi að losa þungan og hættulegan farm eftir flutninga á sjó hefðu hæglega geta komið í veg fyrir slysið. M telur að X hafi brotið gegn framangreindum skyldum sínum, skort hafi á að skýrt verklag væri í gildi við affermingu á slysdegi. M hafi unnið hjá X í tvö ár og hafi á þeim tíma aldrei fengið fyrirmæli þess efnis að tveir starfsmenn ættu að losa gám. Þvert á móti hafi honum verið falið að ganga í verk líkt og hann sinnti í umrætt sinn án sérstakrar þjálfunar eða kynningar á verklagsreglum. X hafi ekki lagt fram afrit af skriflegum verklagsreglum né þjálfunarskrá þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Þá tekur M sérstaklega fram að skilyrði 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 sé ekki uppfyllt í málinu, þ.e. hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlega gáleysi við framkvæmd starfa sinna í umrætt sinn.

Í athugasemdum V er byggt á að ósannað sé að slys M verði rakið til saknæms vanbúnaðar, saknæmrar vanrækslu eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði látið bera skaðabótaábyrgð á, líkt og M byggir á. Samkvæmt X hafi M verið að vinna með svokallaðan sjóbúnað í umrætt sinn, en það er þegar vara er fest í gám með t.d. ströppum. Umrædd gripskófla/gripkló hafi verið fest niður með ströppum á bretti á annarri hæð. Um svokallaðan FCL (Full Container Load) gám hafi verið að ræða sem þýði að gámurinn hafi ekki verið sjóbúinn af starfsfólki X heldur sendanda, sem bar ábyrgð á að sjóbúa farminn með öruggum hætti. X hafi þannig ekki komið að lestun gámsins. Í áhættumati X frá 6. janúar 2017, sem hafi verið í gildi á slysdegi, segi varðandi losun úr gámi að hætta sé á klemmuslysum þegar þungar einingar eru færðar til. Þótt það standi ekki berum orðum í umræddu áhættumati, að þá gildi það verklag að þegar unnið var með sjóbúnað, þ.e. þegar vara var fest í gám með t.d. ströppum, stífum, vörubrettum

eða öðru, að þá átti að lágmarki tveir starfsmenn að vinna saman í gámnum við að losa vöruna út. Þetta verklag hafi M átt að vita og þekkja þar sem starfsmönnum er sýnt og kennt þetta verklag þegar þeir hefja störf á umræddri starfsstöð. M hafi ekki fylgt því verklagi þegar hann fór í það einn að losa sjóbúnað úr umræddum gámi, heldur hefðu að lágmarki tveir starfsmenn átt að vera við verkið. Í uppfærðu áhættumati, dags. 12. júní 2024, sem gert var eftir umrætt slys, kemur framangreint verklag skýrt fram en þar segir eftirfarandi varðandi losun á vöru úr gámi: „Sýna aðgát og skoða farm vel áður en hann er losaður – ef vafi leikur á að hann geti færst úr stað skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja örugga losun t.d. nota lyftara til að styðja við farm meðan losað er. Starfsmenn skulu vinna tveir saman við losun á vörum úr gámi.“ M hafði unnið hjá X í rétt tæp tvö ár þegar slysið gerðist og á umræddri starfsstöð frá desember 2023. Hafði hann því töluverða reynslu af umræddu starfi og hlaut að vera ljóst að varhugavert gæti verið að fara einn inn í gám og losa strappa af vörum sem staflað hafði verið í töluverðri hæð án þess að hafa annan samstarfsmann með sér. V bendir jafnframt á samkvæmt X, þá hafði M verið færður til í starfi hjá X eftir ítrekaðar kvartanir yfir hegðun hans. Á þeim degi sem slysið varð hafi M og annar starfsmaður verið byrjaðir að losa umræddan gám en tóku sér hlé frá vinnu. Fyrirverandi yfirmaður M hafi mætt á vinnusvæði M og M komist í uppnám við það, þar sem hann hafi verið mjög ósáttur við sinn fyrirverandi yfirmann. Í framhaldinu hafi M síðan farið í umræddan gám og hafið að losa vörurnar einn með fyrrgreindum afleiðingum. X ítreki að M hafi þekkt verklagið vel og hafði fram að umræddu slysi alltaf beðið eftir öðrum starfsmanni áður en hann hóf að losa vörur úr gámi. Í ljósi þess að M þekkti vel það verklag að starfsmenn ættu að gæta að öryggi sínu þegar varningur í gámum er losaður, telur V að orðalag þágildandi áhættumats og meintur skortur á leiðbeiningum og þjálfun hafi engin áhrif á sakarmat í málinu.

Í viðbótarathugasemdom M er bent á að V hafi lagt fram staðfestingu á því að áhættumat fyrir verkþáttinn hafi verið ófullnægjandi á slysdegi og því er jafnframt mótmælt að M hafi fengið leiðbeiningar þess efnis að tveir starfsmenn skyldu sinna verkinu enda engum slíkum verklagsreglum til að dreifa á slysdegi.

Álit.

Ágreiningur máls þessa snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að tjón M verði ekki rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

Í málinu er óumdeilt að M fékk þunga landbúnaðarvél yfir sig þegar hann var að afferma gám í starfi sínu hjá X og jafnframt er óumdeilt að starfsmenn á vegum X ferndu ekki umræddan gám, þ.e. gengu ekki frá honum fyrir sjóflutning heldur sendandi gámsins. M byggir á því að fullnægjandi áhættumat fyrir umræddan verkþátt hafi ekki legið fyrir né skýrar verklagsreglur. V telur að orðalag þágildandi áhættumats og meintur skortur á leiðbeiningum og þjálfun hafi engin áhrif á sakarmat í málinu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum höfðu M og samstarfsmaður hans verið byrjaðir að afferma umræddan gám í sameiningu á slysdegi. Þeir hafi gert hlé á affermingunni. Á meðan á umræddu hléi stóð hafi fyrirverandi yfirmaður M mætt á vinnusvæðið og M komist í uppnám við það, vegna ósættis við fyrrum yfirmann. Í framhaldinu hafi M haldið affermingu áfram einn með fyrrgreindum afleiðingum. Þessari málsatvikalýsingu hefur ekki verið mótmælt af hálfu M. X fullyrðir að M hafi þekkt verklagið vel og hafi fram að umræddu slysi alltaf beðið eftir öðrum starfsmanni áður en hann hóf að losa vörur úr gámi. Skýrt verklag hafi legið fyrir hjá X um það hvernig afferma skyldi gáma. Ávallt skyldu tveir starfsmenn annast það verk í sameiningu. M hafi verið búinn að vera í starfi hjá X í rétt tæp tvö ár fyrir slys og á umræddri starfsstöð frá desember 2023. M hafi því haft töluverða reynslu af umræddu starfi og átt að vera ljóst að varhugavert gæti verið að fara einn inn í gám og losa strappa af vörum sem staflað hafði verið í töluverðri hæð án þess að hafa annan samstarfsmann með sér.

Að mati nefndarinnar er ósannað að slys M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir